



Tvíeggjað sverð

Leki óstaðbundinna starfa til höfuðborgarsvæðisins

Febrúar 2025

Unnið fyrir:

Styrk frá Byggðarannsóknasjóði

Verkefni:

Tvíeggjað sverð, leki óstaðbundinna
starfa til höfuðborgarsvæðisins

Dagsetning:

10.02. 2026

Framkvæmd:

Undirbúningur og spurningalisti:

Hjalti Jóhannesson, Sigríður Bjarnadóttir og
Arnar Þór Jóhannesson

Gagnaöflun:

Sigríður Bjarnadóttir, Hjalti Jóhannesson

Gagnavinnsla:

Sigríður Bjarnadóttir

Skýrsla:

Sigríður Bjarnadóttir og Hjalti Jóhannesson

Ritstjórn og yfirlestur:

Hjalti Jóhannesson og Marta Einarsdóttir

© RHA Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2026

Öll réttindi áskilin. Skýrsla þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan
sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-01-2026

L-ISSN 1670-8873

Verknúmer 20525

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	I
MYNDAYFIRLIT	II
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	III
1. INNGANGUR	1
2. AÐFERÐAÐFRÆÐI	3
2.1 UNDIRBÚNINGUR OG FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR	3
2.2 GAGNASÖFNUN.....	4
2.3 ÚRVINNSLA	4
2.4 RANNSÓKNARSPURNING	5
2.5 GAGNAÖFLUN	5
3. BAKGRUNNUR OG STAÐA ÞEKkingAR	7
4. YFIRLIT YFIR FJÖLDA OG ÞRÓUN OPINBERRA STARFA	11
5. TILVIK UM FLUTNING OPINBERRA STARFA TIL HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS.....	13
5.1 UMFANG ÚRTAKS.....	13
5.2 ÓSTAÐBUNDIN STÖRF	14
5.3 AF HVERJU FLYTJAST STÖRF BURTU?	15
5.4 REYNSLUSÖGUR.....	16
5.5 SITT SÝNIST HVERJUM	18
6. UMRÆÐUR	22
7. SAMANTEKT	25
HEIMILDIR.....	27
VIÐAUKI 1, SPURNINGALISTI	29
VIÐAUKI 2, SPURNINGARAMMI VIÐTALA	31

Myndayfirlit

MYND 1. STAÐSETNING ÞÁTTTAKENDA Í KÖNNUNINNI BYGGT Á GÖTUHEITI, PÓSTNÚMERI OG STAÐ.	13
MYND 2. SVAR VIÐ ÞVÍ HVORT HÆGT VÆRI AÐ SINNA EINHVERJUM STÖRFUM INNAN STARFSSTÖÐVAR UTAN HENNA.	14
MYND 3. ÁSTÆÐA TILFLUTNINGS STARFA AF LANDSBYGGÐ Á HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ, FJÖLDI TILGREINDRA ÁSTÆÐNA.	15
MYND 4. STARFAFJÖLDI SEM LIGGUR BAK VIÐ HVERJA ÁSTÆÐU TILFLUTNINGS STARFA SÍÐASTLIÐIN FIMM ÁR.	16

Helstu niðurstöður

- Tilgangurinn með verkefninu var að finna og greina tilvik þar sem óstaðbundin störf hafa flust frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.
- Lögð var könnun fyrir opinber fyrirtæki og stofnanir með starfsstöðvar á landsbyggðinni auk ráðuneyta. Spurt var um umfang flutnings starfa til höfuðborgarsvæðisins og á hvern hátt það hefur gerst undanfarin fimm ár.
- Tilflutningur starfa af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið hefur átt sér stað sl. fimm ár hjá 29% af þeim starfsstöðvum fyrirtækja eða stofnana sem svöruðu könnun þar að lútandi og þar sem fjarvinna er talin möguleg.
- Það eru einkum sérfræðistörf, kennslu- og rannsóknastörf sem hafa flust af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið.
- Könnun bendir til þess að ástæða flutnings starfa af landsbyggð á höfuðborgarsvæði sé fyrst og fremst búsetutengd. Ýmist vegna þess að einstaklingur sem flytur til höfuðborgarsvæðisins flytji starfið með sér eða vegna þess að hæfur einstaklingur sem búi á staðnum sækir ekki um starfið eða að hæfur einstaklingur vilji ekki flytja á staðinn til að sinna starfinu þar.
- Það þykir kostnaðarsamt að halda úti starfsstöð á landsbyggð með höfuðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.
- Samfélagsleg áhrif óstaðbundinna starfa eru ótvíræð. Sérstaklega á fámennari svæðum þar sem hvert starf er dýrmætt, ekki síst störf fyrir háskólamenntaða. Þannig er sárt að sjá á eftir slíkum störfum til höfuðborgarsvæðisins.
- Leki óstaðbundinna starfa til höfuðborgarsvæðisins getur veikt fámennar starfseiningar sem verða fyrir slíku.
- Starfsstöð á landsbyggðinni skapar velvild gagnvart stofnuninni eða fyrirtækinu: “En orðstír deyr aldregi hveim er sér góðan getur.” [Úr Hávamálum]
- Stefna innan stofnunar eða fyrirtækis um óstaðbundin störf og fjarvinnu er mikilvæg og að gera samning við starfsmenn um fyrirkomulag vinnu.
- Mikilvægt er að vinnuaðstaða og umgjörð sé sambærileg milli starfsstöðva til að minnka samanburð og óánægju.
- Til að vera í samræmi við stefnumótandi byggðaáætlun þurfa störf án staðsetningar að vera auglýst með staðsetningu á landsbyggðinni með tilheyrandi ráðningu starfsmanns á staðinn.
- Samfélagið þar sem starfsstöð er staðsett þarf að styðja vel við fyrirtæki og stofnanir, vinna að því að laða að fjölbreytt atvinnutækifæri og efla þjónustu við íbúa sem leggur góðan grunn að búsetu á staðnum.
- Það þarf að gera ráð fyrir og samþykkja þann kostnað sem hlýst af því að hafa starfsemi á fleiri stöðum. Það er ákvörðun sem þarf að standa við og styðja.
- Stjórnvöld gætu t.d. boðið skattafslátt og niðurfellingu eða afslátt á námslánunum til handa þeim sem vilja setjast að á landsbyggðinni.

1. Inngangur

Þessi rannsókn var unnin fyrir styrk frá Byggðarannsóknasjóði. Tilgangur hennar var að finna dæmi um, ástæður fyrir og afleiðingar þess að störf hafi flust frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, þ.e. þau störf sem talið er að hægt sé að sinna óstaðbundið. Við upphaf rannsóknarinnar var sett fram sú tilgáta að þetta geti einkum átt sér stað með nýráðningum¹ eða að fólk sem flytur búferlum til höfuðborgarsvæðisins taki störfina með sér. Nákvæmari vitneskju hefur vantað um þessa hluti þó svo ákveðnar vísbendingar hafi komið fram. Markmiðið, fyrir utan þessa þekkingarleit, er að skapa forsendur til þess að stefnumótandi aðilar á sviði byggðaþróunar geti brugðist við og aðlagð stefnu sína að nýjum veruleika, sé það reyndin að þessi þróun sé á annan veg en stefnt hefur verið að í tengslum við óstaðbundin störf, s.s. í stefnumótandi byggðaáætlun.

Tekinn var saman listi yfir ríkisstofnanir og fyrirtæki sem eru með starfsemi á landsbyggð, ýmist með höfuð- eða starfsstöðvar eða útibú. Stutt könnun tengd viðfangsefninu var útbúin og send út til forstöðumanna, forstjóra eða ráðuneytisstjóra og í einhverjum tilvikum líka mannauðsstjóra stofnana, fyrirtækja og ráðuneyta. Þar var spurt hvort dæmi væru um að störf innan fyrirtækis, stofnunar eða ráðuneytis hefðu flust til höfuðborgarsvæðisins síðastliðin fimm ár. Í könnuninni var spurt hvort hafa mætti samband og taka viðtal við viðkomandi um málefnið. Í kjölfarið voru tekin viðtöl við sex aðila frá fimm mismundandi stofnunum eða fyrirtækjum. Könnunina og spurningaramma viðtala má sjá í Viðauka 1 og Viðauka 2.

Afurð verkefnisins er þessi skýrsla sem fjallar um þá þróun að störf hjá stofnunum og opinberum fyrirtækjum á landsbyggðinni flytjist til og sé sinnt á höfuðborgarsvæðinu, ýmist í fjarvinnu eða staðbundinni vinnu á nýjum stað. Gefið verður yfirlit út frá niðurstöðum könnunar og viðtala um hvernig þróunin hefur orðið í stórum dráttum á síðastliðnum fimm árum og hverjar helstu ástæður geta verið. Fjallað verður um hvaða áhrif þetta getur haft á viðkomandi starfsemi og þróun byggðar þar sem hún er staðsett. Bent verður á mögulegar leiðir til þess að bregðast við þróuninni.

¹ Þ.e. nýráðningum fólks staðsettu á höfuðborgarsvæðinu til að sinna starfi sem áður var á landsbyggð.

Byggðarannsóknasjóði eru færðar þakkir fyrir styrkveitingu til verksins svo af því gæti orðið. Þá fá þeir aðilar hjá stofnunum, opinberum fyrirtækjum og ráðuneytum sem gáfu sér tíma til að svara könnuninni og þeir sem tóku tíma í viðtölin bestu þakkir fyrir.

2. Aðferðafræði

Verkefnið fólst í að finna dæmi um og ástæður fyrir því að óstaðbundnum störfum hjá opinberum fyrirtækjum og stofnunum á landsbyggðinni sé sinnt á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða var staðan tekin á óstaðbundnum störfum ráðuneytanna. Leitað var að upplýsingum um störf sem áður var sinnt á starfsstöðvum á landsbyggðinni en hafa flust til höfuðborgarsvæðisins síðastliðin fimm ár. Nálgunin var annars vegar að leita að tilvikum þar sem opinberar stofnanir eða fyrirtæki, sem staðsett eru á landsbyggðinni, ráða í störf sem staðsett eru á höfuðborgarsvæðinu (eða á vinnusóknarsvæði þess). Hins vegar var leitað að tilvikum um að við búferlaflutninga fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins (eða vinnusóknarsvæðis þess) fái starfsfólkið að halda störfunum og vinna áfram í fjarvinnu eða staðbundinni vinnu á nýjum stað, þ.e. með starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu. Leitað var til opinberra stofnana og fyrirtækja sem eru með höfuðstöðvar á landsbyggðinni og þeirra sem eru með starfsstöð, deildir eða útibú á landsbyggðinni. Könnun var send ýmist til margra starfsstöðva stofnunar eða til höfuðstöðvar stofnunar og mögulegt var að svara henni úr fleiri en einu netfangi eða oftar en einu sinni úr sama netfangi með það að markmiði að sá sem svaraði hefði sem besta yfirsýn yfir viðfangsefnið innan sinnar stofnunar eða starfsstöðvar. Auk þess var athugað með tilurð og tilvist óstaðbundinna starfa í ráðuneytunum sem fengu senda sömu könnun. Um er að ræða gagnaöflun sem skilar ákveðnum vísbendingum um þróun þessara mála frekar en meginlega könnun.

2.1 Undirbúningur og fræðilegur bakgrunnur

Í ágúst og september 2025 var leitað að fyrirbyggjandi heimildum um efni rannsóknarinnar og þær skráðar. Einnig voru skilgreindar og settar upp spurningar vegna könnunar fyrir upplýsingaöflun meðal ríkisstofnana og opinberra fyrirtækja með starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins, auk ráðuneyta. Þá voru útbúin drög að viðtalsramma við úrtak aðila úr hópi sem könnunin var send til, þ.e. aðila sem gætu veitt ítarlegri upplýsingar um málefnið sem hér er til rannsóknar.

Í október var unnið að kortlagningu ráðuneyta, opinberra fyrirtækja og stofnana með aðsetur á landsbyggðinni, hvort heldur um var að ræða höfuðstöðvar, starfsstöð einhvers konar eða útibú.

Samhliða voru mögulegir tengiliðir, sem hægt væri að fá upplýsingar hjá um tilflutning óstaðbundinna starfa til höfuðborgarsvæðisins, listaðir upp.

2.2 Gagnasöfnun

Í nóvember var send út stutt könnun til forsvarsfólks viðkomandi stofnana eða fyrirtækja, auk ráðuneyta. Ýmist eingöngu til þeirra sem voru í forsvari (forstjórar, skólastjórar, ráðuneytisstjórar), eða til þeirra, ásamt mannauðsstjóra viðkomandi stofnunar, fyrirtækis eða ráðuneytis. Óskað var eftir upplýsingum um þróun þessara mála síðastliðin fimm ár og hvort dæmi væru um tilflutning starfa frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis á þessu tímabili og ástæður þess. Þá var spurt hvort svarendur gæfu kost á viðtali um áhrif og afleiðingar starfatilflutnings, ýmist á Teams eða sem staðbundin viðtöl. Miðað var við að ræða við aðila sem svöruðu því til í könnun að þeir hefðu reynslu af tilflutningi starfa. Tilgangurinn var að reyna að skilja betur hvernig þetta á sér stað og hver áhrifin af þessari þróun eru.

Í desember 2025 var unnið með niðurstöður könnunarinnar og út frá svörum var í janúar 2026 haft samband við nokkra sem voru tilbúnir til að ræða þessi mál frekar og viðtöl tekin við sex aðila frá fimm stofnunum eða fyrirtækjum. Spurt var um líklegar ástæður og afleiðingar þessarar þróunar, bæði fyrir viðkomandi starfsstöðvar og fyrir samfélagsþróun á viðkomandi stað. Einnig var rætt um þann vanda sem forstöðumenn geta glímt við í tengslum við mannaráðningar og möguleg viðbrögð.

2.3 Úrvinnsla

Unnið var með gögn úr könnuninni og viðtölunum í desember 2025 og janúar 2026. Í þeim tilvikum þar sem starfatilflutningur hafði orðið voru svör og athugasemdir rýnd frekar til undirbúnings viðtala. Gengið var frá spurningaramma sem hafður var til hliðsjónar í viðtölunum. Unnið var áfram með inntak þess sem kom fram í viðtölunum og sjónarmið og upplýsingar sem þar komu fram.

Fjöldi svara og umfang könnunarinnar er ekki það stórt að hægt sé að vinna mikið með tölfræðilegar greiningar en könnunin staðfestir engu að síður að *óstaðbundin störf hafa sannarlega flust af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins*. Skýrslunni var skilað í febrúar 2026 með samantekt og niðurstöðum rannsóknarinnar.

2.4 Rannsóknarspurning

Spurningin „Eru dæmi um að störf innan þíns fyrirtækis/stofnunar/starfsstöðvar hafi flust til höfuðborgarsvæðisins síðastliðin fimm ár, þannig að þeim hafi verið sinnt þar að mestu leyti í framhaldinu?“ felur í sér viðfangsefni verkefnisins og í raun rannsóknarspurninguna. Afleiddar spurningar, ef þessari spurningu var svarað játandi, vörðuðu áætlaðan fjölda slíkra starfa, hvort um væri að ræða einhverja tiltekna tegund starfa og hverjar hefðu verið helstu ástæður flutningsins. Samhliða var unnið með bakgrunnsbreytur tengdar staðsetningu fyrirtækisins, stofnunarinnar eða starfsstöðvarinnar, tegund (höfuðstöðvar eða útibú), stöðugilda- og starfsmannafjölda.

2.5 Gagnaöflun

Könnunin var send út á 169 netföng til forsvarsfólks fyrirtækis, opinberrar stofnunar eða ráðuneytis, í einhverjum tilvikum var hún samhliða send út til mannauðsstjóra. Alls var um að ræða 143 fyrirtæki, stofnanir og ráðuneyti, þar af 112 stofnanir og fyrirtæki, 11 ráðuneyti og 20 framhaldsskóla. Opið var fyrir könnunina í 13 daga og áminning með tilmælum um að svara henni var send út tvisvar á tímabilinu. Fleiri aðilar gátu svarað könnuninni úr sama netfangi. Eins var hægt að áframsenda könnunina og svara úr nýju eða öðru netfangi en því sem könnunin var send til upphaflega. Það var gert til að reyna að fá þann aðila sem mest vissi um þessi mál innan fyrirtækis, stofnunar eða ráðuneytis til að svara, hvort heldur hann svaraði fyrir fleiri en eina starfsstöð innan fyrirtækis, stofnunar eða ráðuneytis eða einungis fyrir sitt nærumhverfi.

Í heild bárust 96 svör en sex þeirra tengdust endurtekinni sömu svörun þannig að unnið var með 90 svör við úrvinnslu könnunarinnar. Sumir höfðu áframsent könnunina á undirstofnanir eða starfsstöðvar og fyrir vikið barst 21 svar til viðbótar frá nýjum netföngum eða undirstarfsstöðvum. Má því segja að úrtakið hafi verið þau 143 fyrirtæki, stofnanir og ráðuneyti sem könnunin var send út til, ásamt þessum 21 viðbótarfyrirtækjum og stofnunum sem sendu frá sér svör. Þannig var unnið með svör frá 90 fyrirtækjum, stofnunum og ráðuneytum af þeim 164 sem fengu könnunina senda til sín sem gefur 55% svarhlutfall í heildina. Af alls 20 framhaldsskólum á landsbyggðinni fengust svör frá 12 eða 60% svörun og 6 af 11 ráðuneytum svöruðu könnuninni sem gefur 55% svörun.

Um fjórðungur svarenda taldi fjarvinnu ekki vera mögulega hjá sér eða 22 á móti 68 sem töldu hana vera gerlega. Þá staðfestu 20 svarendur af þessum 68, sem töldu fjarvinnu vera mögulega, eða 29% þeirra að tilflutningur hefði orðið á starfi hjá viðkomandi frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins síðustu fimm árin.

Í könnuninni var óskað eftir frekari þátttöku í verkefninu hjá svarendum í formi viðtals til að fylgja eftir niðurstöðum könnunar og fá ítarlegri nálgun á viðfangsefnið til að auka skilning á því með hvaða hætti tilflutningur starfa á sér stað. Það voru 53 þátttakendur sem gáfu færi á því og 13 af þeim voru með tilvik um tilflutning starfa hjá sér. Þessir aðilar komu því helst til greina fyrir viðtöl tengd viðfangsefninu og voru viðtöl tekin við þrjá af þessum þrettán auk tveggja annarra stofnana eða fyrirtækja sem komu fram með áhugaverðar athugasemdir í könnuninni, þó svo að ekki hafi verið dæmi um tilflutning starfa þar, frá landsbyggð á höfuðborgarsvæðið. Rætt var við viðkomandi aðila um þróun á tilflutningi starfa og reynt að fá betri innsýn í ferlið og þá krafta sem þarna eru að verki.

Viðmælendur voru með mjög fjölbreyttan bakgrunn og komu frá ólíkum stofnunum. Um var að ræða eina stofnun með alla sína starfsemi á landsbyggðinni, stofnanir með margar starfsstöðvar á landsbyggðinni, höfuðstöðvar, ýmist á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu, og stofnun með engar tilgreindar höfuðstöðvar en með starfsstöðvar bæði á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni. Þannig náðist að fanga mjög víðfeðma reynslu ólíkra viðmælenda og sjónarmiðin voru mörg hver ólík. Tveir þátttakendur mættu í viðtal en rætt var við fjóra á Teams, þar af voru tveir starfsmenn frá einni stofnun í sama viðtalinu en staðsettir á sitt hvorri starfsstöðinni. Rætt var um reynslu viðkomandi af starfatilflutningi og mögulegar orsakir með tilheyrandi afleiðingum, reynslu af fjölbreyttum staðsetningum starfsstöðva, með tilheyrandi áskorunum og mögulegan forstöðumannavanda tengdan auglýsingum og ráðningum í opinber störf.

3. Bakgrunnur og staða þekkingar

Ekki er vitað til þess að efnið hafi verið rannsakað sérstaklega. Í nýlegum rannsóknum hafa þó komið fram vísbendingar.

Árið 2024 vann Sæunn Gísladóttir, á vegum RHA, rannsóknina „Óstaðbundin störf, staða og framtíðarhorfur 2023.“ Þar kom fram í viðtölum við forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja að sumir töldu að óstaðbundin störf gætu verið tvíeggjað sverð fyrir landsbyggðina; „að það eigi ekki það sama að gilda um stofnanir sem eru á landsbyggðinni, því ef þær auglýsa störf án staðsetningar yrði það ekki til að styrkja landsbyggðina heldur eykur það líkur á að fólk flytji á höfuðborgarsvæðið. Ef öll störf verða án staðsetningar, sem tæknilega er hægt að hafa í þeirri útfærslu, yrði veruleg hættu á því að starfsfólki myndi fækka verulega sem kysi að búa á landsbyggðinni“ (Sæunn Gísladóttir, 2024, bls. 10).

Í fyrrnefndri rannsókn auglýstu 21% stofnananna og ráðuneytanna starf sem óstaðbundið frá mars 2020 til mars 2022 og á sama tímabili réðu 72% þeirra einstakling í slíkt starf á starfsstöð sem skilgreind var utan veggja stofnunarinnar eða ráðuneytisins. Á tímabilinu apríl 2022 til desember 2023 hafði þetta hlutfall lækkað; 19% stofnana eða ráðuneyta hafði auglýst óstaðbundið starf og 62% þeirra réðu einstakling í starfið utan veggja stofnunar eða ráðuneytis (Sæunn Gísladóttir, 2024).

Í óbirttri rannsókn RHA frá 2025 um samfélagsleg áhrif Háskólans á Akureyri, HA, kom fram að um 20% af um 250 starfmönnum HA vinna annars staðar á landinu eða erlendis, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 14%. Þetta hefur gerst með því að nýráðnir starfsmenn, sem búa utan svæðis, halda því áfram eftir ráðningu eða að starfsmenn sem flytja burt fá að taka starfið með sér og sinna því á nýjum stað. Fjarkennsla hefur orðið æ algengari við HA og það mótar störf. Starfsemin er sífellt minna háð staðsetningu og vísbendingar um að þróuninni hafi hraðað eftir Covid-19. HA er dæmi um stofnun þar sem tilflutningur starfa er orðinn áskorun og vísbendingar um að HA hafi nú hlutfallslega minni áhrif á þróun byggðar á nærsvæði sínu en áður.

Í sömu rannsókn kom fram að það geti verið erfitt að finna fólk með rétta menntun og reynslu í störf og að fá það til að flytja til Akureyrar. Viðmælandi sagði: „Þegar ég lít til baka hefði ég ekkert haft fyrir því að flytja [norður] á sínum tíma ef þetta hefði verið í boði þá. Það búa allir einhvers staðar og hverjar eru líkurnar á að ef einhver staða er auglýst að sá hæfasti búi á

Akureyri? Þær eru frekar litlar. Ef þetta eru svona [óstaðbundin störf] þá fækkar um einn í hvert skipti sem einhver staða er auglýst, nema fyrir einhvern grís.“

Í skýrslu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um störf án staðsetningar, stöðu þeirra og framtíðarhorfur (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2021) var niðurstaða vefkönnunar, sem framkvæmd var í mars 2020, meðal 68 stofnana á höfuðborgarsvæðinu, að 27% þeirra teldu líklegt (mjög eða frekar) að ráðið yrði í starf án staðsetningar hjá stofnuninni á næstu 24 mánuðum. Árið 2021 voru hins vegar einungis 0,7% starfa hjá ríkinu auglýst án staðsetningar (Þorkell Stefánsson, 2022) en þær upplýsingar eru fengnar hjá Starfatorgi, sem er vefur í umsjá Fjársýslunnar og auglýsir laus störf stofnana og ráðuneyta (Þorkell Stefánsson, munnleg heimild, 14. október 2025).

Byggðastofnun stóð fyrir könnun í apríl 2022 sem laut að áhuga fólks á því að vera í óstaðbundnu starfi. Meirihluti þátttakenda hafði jákvæða reynslu af fjarvinnu heima vegna Covid-19 faraldursins og af þeim aðilum sem töldu sig getað unnið óháð staðsetningu en voru með starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu höfðu 29% einhvern áhuga (í meðallagi, fremur mikinn og mjög mikinn) á að flytja starfsstöð sína út á land (Þorkell Stefánsson, 2022). Í umræðunni um óstaðbundin störf virðist ekki alltaf gerður greinarmunur á fjarvinnu, þar sem stundum eða oft er unnið annars staðar en á fastri starfsstöð, og óstaðbundnum störfum, sem eru að öllu eða nær öllu leyti unnin á fastri starfsstöð nærri heimili starfsmanns en fjarri höfuðstöðvum (Þorkell Stefánsson, munnleg heimild, 5. janúar 2026).

Byggðastofnun heldur úti korti með yfirliti þeirra staða sem bjóða upp á húsnæði fyrir óstaðbundin störf um allt land. Er slíkt í boði á 57 stöðum alls en plássin talsvert fleiri (Byggðastofnun, e.d.-a). Framboð á skrifstofuhúsnæði víðs vegar um landið ætti því ekki að hindra stofnanir í að geta boðið upp á óstaðbundin störf.

Í rannsókn RHA frá árinu 2024 kom fram aukinn kostnaður fyrir vinnuveitandann vegna óstaðbundinna starfa, einkum vegna vinnuhúsnæðis fyrir starfsfólkið auk aukins ferðakostnaðar og var samtónn í því frá fyrri könnun frá árinu 2020 (Sæunn Gísladóttir, 2024). Stjórnvöld hafa sett fjármagn í að koma til móts við aukinn kostnað tengdan ráðningu í óstaðbundin störf og nú geta ríkisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu sótt um styrk til að standa straum af slíkum kostnaði. Styrkurinn er ætlaður til ferðakostnaðar vegna viðveru í höfuðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu og kostnaðar vegna leigu á starfsaðstöðu í vinnustaðaklasa. Á haustmánuðum 2024 auglýsti

innviðaráðherra allt að 150 milljónir kr. í slíka styrki (Haraldur Reinhardsson, 2024). Byggðastofnun fer með umsýslu þessa sjóðs en um er að ræða fjárveitingu af byggðaáætlun og er þetta fyrsti hluti aðgerðar B.7 í byggðaáætlun. Í gildandi byggðaáætlun er verkefnið B.7 „Óstaðbundin störf“ með markmið um að „búsetufrelsi verði eflt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni“ (Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, nr. 1383/152, 2022). Umsóknarferlið er opið, þ.e. það er ekki neinn sérstakur umsóknarfrestur heldur eru umsóknir afgreiddar eftir því sem þær berast. Hægt er að sækja um stuðning til þriggja ára og getur hámarksstuðningur fyrir hvert starf numið allt að 2 milljónum kr. (Byggðastofnun, e.d.-b; Sigurður Árnason, munnleg heimild, 6. janúar 2026). Í janúar 2026 höfðu umsóknir vegna 12 starfa verið samþykktar og um hefur verið að ræða sérfræðistörf sem krefjast háskólamenntunar. Störfin hafa dreifst á Akranes, Stykkishólm, Ísafjörð, Hvammstanga, Húsavík og Suðurnesjabæ með eitt starf á hverjum stað og svo Akureyri og Neskaupsstað með þrjú störf á hvorum staðnum. Fjórðungur samninganna er til eins árs en hinir til þriggja ára (Sigurður Árnason, munnleg heimild, 6. janúar 2026). Athyglisvert er að ekki er gert ráð fyrir að styrkja það að stofnanir á einum stað á landsbyggðinni séu með fjarvinnustörf annars staðar á landsbyggðinni. Þannig gæti t.d. stofnun á Akureyri verið með starfsmann í fjarvinnu á Siglufirði en það þykir ekki styrkhæft skv. þessu.

Þá hafa nýlega verið auglýstir styrkir, allt að 50 milljónir kr., sem ætlað er að styðja við uppbyggingu vinnustaðaklasa á landsbyggðinni, með umsóknarfrest til 2. febrúar 2026. Um er að ræða annan hluta styrkja sem innviðaráðherra veitir á grundvelli aðgerðarinnar B.7 í gildandi byggðaáætlun (Sigurður Árnason, munnleg heimild, 6. janúar 2026; Innviðaráðuneytið, 2025). Þess er vænst að tilkoma slíkra vinnustaðaklasa muni hjálpa til við að koma óstaðbundnum störfum að á viðkomandi svæði samhliða því m.a. að koma í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga sem sinna þannig störfum utan höfuðstöðva/starfsstöðva á höfuðborgarsvæðinu. Þannig bætist í flóru þeirra staða sem bjóða upp á húsnaði fyrir m.a. óstaðbundin störf með tilheyrandi bættri aðstöðu og umgjörð kringum slíkt húsnaði.

Í lýsingu aðgerðar B.7 í gildandi byggðastefnu kemur fram að „störf hjá ríkinu verði ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega, þannig að búseta hafi ekki áhrif á ráðningar...“ Ekki er ætlunin að fjölgun óstaðbundinna starfa leiði til fjölgunar þeirra á höfuðborgarsvæðinu en til eru vísbendingar um slíkt. Samfélagsþróunin á undanförunum áratugum hefur leitt til þess að á höfuðborgarsvæðinu og upplandi þess búa um 80%

landsmanna; svæðið hefur síaukna efnahagslega yfirburði. Hluti yfirburðanna felst í mannauði og hærra menntunarstigi. Í áður tilvitnaðri rannsókn RHA um samfélagsáhrif HA kemur fram að það getur verið áskorun að finna einstakling með rétta menntun og reynslu og sem er jafnframt reiðubúinn til að flytja til Akureyrar, jafnvel þótt það sé langfjölmennasti staðurinn á landsbyggðinni. Með auknu algengi óstaðbundinna starfa og kröfu um að ráða ávallt þann hæfasta, burtséð frá búsetu, er hætta á að fækki um einn í hvert skipti sem einhver staða er auglýst. Þegar saman fer að vinnumarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er yfirgnæfandi stærstur og menntunarstig hærra en annars staðar eru mestar líkur á að umsóknin frá hæfasta starfsmanninum komi þaðan. Því getur orðið úr vöndu að ráða hjá forsvarsmönnum á landsbyggðinni sem auglýsa opinber störf og erfitt að rökstyðja annað en að ráða í fjarvinnu starfsmann með búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Það munar hins vegar um hvern og einn í stofnunum á landsbyggðinni, sérfræðistörf eru dýrmæt í viðkomandi samfélögum og að hafa slík störf í boði er gjarnan lykillinn að því að fá menntað fólk til að setja sig niður.

Til þess að aðgerð B.7 hafi þau jákvæðu áhrif sem til var ætlast, þarf að rannsaka virkni hennar betur. Ef vísbendingar eru um að óstaðbundin störf geti verið tvíeggjað sverð þarf að vera hægt að bregðast við og e.t.v. skerpa á tilgangi þeirrar stefnu að bjóða upp á óstaðbundin störf. Huga þarf að því hvort opinberar stofnanir og fyrirtæki séu að auglýsa óstaðbundin störf sérstaklega, hvernig slík störf eru auglýst og hvernig úrvinnslu umsóknanna sé háttað. Þá er mikilvægt að opinberar stofnanir og fyrirtæki séu með fyrirliggjandi fjarvinnustefnu með tilheyrandi ramma um hvar og hvernig óstaðbundnum störfum skuli sinnt.

4. Yfirlit yfir fjölda og þróun opinberra starfa

Í aðgerðaáætlun 5. kafla Byggðaáætlunar 2022-2036 (Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, nr. 1383/152, 2022) er að finna lýsingu um óstaðbundin störf, B.7. Sem fyrr segir er markmið aðgerðarinnar að „búsetufrelsi verði eflt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni.“ Í aðgerðaáætlun 4. kafla Byggðaáætlunar 2018-2024 (Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024 nr. 1242/148, 2018) er markmið starfa án staðsetningar, B.7, að „10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024, þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum.“ Í aðgerðaáætlun Byggðaáætlunarinnar 2014-2017 (Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017 nr. 1083/143, 2014) um dreifingu opinberra starfa (í kafla 3.3.) er markmiðið að „stuðlað verði að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land með dreifingu starfa á vegum ríkisins.“ Má ætla að slíkt markmið með dreifingu á fjölbreyttum störfum á vegum ríkisins allt að áratug aftur í tímann hafi skilað sér í aukinni fjölbreytni atvinnutækifæra víða á landsbyggðinni.

Byggðastofnun hefur árlega gefið út samantekt, tengt könnun um fjölda ríkisstarfa, allt frá árinu 2014. Frá þeim tíma, í árslok 2014, var 71% hlutfall stöðugildanna á höfuðborgarsvæðinu með 64% landsmanna búandi á því svæði. Tíu árum síðar, í árslok árið 2024, var þetta svipað, hlutfall stöðugildanna í rúmum 70% á höfuðborgarsvæðinu og hlutfall landsmanna búandi þar 64% (Þorkell Stefánsson, 2025). Á þessu sama tímabili hefur stöðugildum í heild sinni fjölgað, úr 22.808 stöðugildum í 29.054 stöðugildi Byggðastofnun, e.d.-c), samhliða fólksfjölgun í landinu, úr 323.024 íbúum í ársbyrjun 2015 upp í 389.444 íbúa í ársbyrjun 2025 (Hagstofa Íslands, e.d.). Þannig hefur fólksfjöldinn á þessu árabili aukist um 20,6% og opinberu störfunum fjölgað um 27,4% á sama tíma. Hlutfallsleg aukning opinberra starfa er umfangsmeiri á höfuðborgarsvæðinu tengt örari íbúapróun þar.

Stöðugildi kvenna, af öllum ríkisstörfum, hafa farið úr 63% um í 65% frá árinu 2014 til ársins 2024. Þau störf eru einkum tilkomin vegna mikils fjölda ríkisstarfa sem fellur undir heilbrigðisráðuneytið með Landspítalann innbyrðis ásamt hjúkrunarheimilum, heilsugæslu og heilbrigðisstofnunum (Þorkell Stefánsson, 2025).

Hlutfall stöðugilda ríkisstarfa dreifist á landshlutana, þó ekki í takti við þann mannfjölda sem búsettur er á svæðinu nema á Norðurlandi og Vestfjörðum (skv. síðustu úttekt fyrir árið 2024). Þar er hlutfall starfanna það sama og hlutfall íbúa. Áður hefur komið fram að hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu sé hærra en hlutfall íbúa þar. Þá eru Suðurnes, Vesturland, Austur- og Suðurland með hlutfallslega færri stöðugildi miðað við það hlutfall íbúa sem þar býr (Þorkell Stefánsson, 2025). Stöðugildi opinberra starfa erlendis tengjast flest störfum í sendiráðum Íslands.


Athugun á vefsvæðinu www.starfatorg.is þann 10. desember 2025 leiddi í ljós að af 171 starfi sem auglýst var, voru sjö þeirra tilgreind í auglýsingunni sem óstaðbundin og er það einungis 4,1% starfanna. Í sambærilegri athugun 12 dögum síðar, eða 22. desember 2025, var aðeins eitt starf óstaðbundið af þeim 181 sem auglýst voru þann daginn eða 0,55%. Um mánuði síðar, 13. janúar 2026, var einungis eitt starf auglýst óstaðbundið af 347 skráðum störfum í boði á vefnum eða 0,29% starfanna.

5.1 Umfang úrtaks

13

5.2 Óstaðbundin störf

Stór hluti þeirra sem svöruðu taldi að fjarvinna sé möguleg innan stofnunar, fyrirtækis eða ráðuneytis, þ.e. að það séu einhver störf innan viðkomandi starfsstöðvar sem unnt væri að sinna utan starfsstöðvarinnar. Alls svöruðu 76% því játandi (Mynd 2).



Mynd 2. Svar við því hvort hægt væri að sinna einhverjum störfum innan starfsstöðvar utan hennar.

Ef litið er til þeirra sem svöruðu því játandi að einhverjum störfum stofnunar, fyrirtækis eða ráðuneytis væri hægt að sinna utan starfsstöðvar staðfestu 20 þeirra, eða 29%, að þar væru dæmi um tilflutning starfs eða starfa frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins síðastliðin fimm ár. Af þessum 20 töldu 14 sig getað áætlað þann starfafjölda sem hafði flust til höfuðborgarsvæðisins þessi síðastliðnu fimm ár og nam sá fjöldi allt frá einu starfi upp í 12,5 störf innan viðkomandi starfsstöðvar². Samkvæmt samantekt upplýsinga þeirra sem gátu tilgreint starfafjölda sem hafði flust til voru það alls 38,5 störf hjá þessum 14 fyrirtækjum og stofnunum sl. fimm ár eða 7,7 störf á hverju ári að jafnaði.

Þrír framhaldsskólar, af þeim 12 sem svöruðu, töldu að fjarvinna væri ekki möguleg hjá sér og eitt ráðuneyti af þeim 6 sem svöruðu taldi hið sama. Hjá framhaldsskóla var dæmi um tilflutning starfs á höfuðborgarsvæðið sem tengdist búferlaflutningum og var um að ræða kennslustarf. Í einu ráðuneytanna var dæmi um sams konar tilflutning tveggja starfa og þar talað um að aðgerðin hefði hentað betur og leitt til aukinnar skilvirkni starfanna.

Við yfirllestur gagnanna mætti við fyrstu sýn álíta að eitt eða tvö störf væru í sjálfu sér ekki há tala en horfa verður á hlutina í samhengi. Þegar eitt starf fer í burtu þar sem ekki eru nema fimm störf fyrir, og jafnvel enn færri, er hlutfallslegt gildi hvers starfs sem fer orðið hátt. Að jafnaði reyndist hlutfall starfa sem fluttust burtu nema 15,2% starfa á viðkomandi starfsstöð.


² Í þeirri stofnun þar sem mest var um tilflutning voru störfin sem höfðu flust til höfuðborgarsvæðisins sl. fimm ár talin vera á bilinu 10-15.

Samhliða starfi er gjarnan búseta fjölskyldu, með tilheyrandi áhrifum inn í samfélagið á staðnum. Eitt eða tvö störf sem flytjast á brott geta því verið talsverð blóðtaka í fámennum samfélögum þar sem hvert starf telur meira en í mesta þéttbýlinu.

Þegar spurt var um hvort það væri einhver tiltekin tegund starfa sem flyttist burtu umfram önnur töldu flestir að brottfluttu störfin væru sérfræðistörf en 8 af 14 tilgreindu það. Svarmöguleikinn var opinn, þ.e. viðkomandi gat fyllt út sitt svar í línu. Auk sérfræðistarfa voru nefnd akademísk störf og störf við kennslu, þá fjármála- og skrifstofustörf, auk enn sértækari starfa.


5.3 Af hverju flytjast störf burtu?

Í könnuninni var spurt um meginástæðu tilflutnings starfa sem hafa farið af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og voru fimm valmöguleikar í boði en hægt að tilgreina fleiri en eina ástæðu tilflutningsins. Valmöguleikarnir voru a) flutningur starfs vegna búferlaflutninga, b) að ekki hafi tekist að ráða hæfan einstakling sem býr á staðnum í starfið, c) að enginn hæfur umsækjandi starfsins búsettur annars staðar hafi viljað flytja á staðinn, d) að um ákvörðun yfirstjórnar hafi verið að ræða með tilfærslunni og loks var unnt að haka við e) annað og tilgreina hvað það þá væri. Unnið er með þá 20 aðila sem höfðu dæmi um flutning starfa innan sinnar stofnunar eða fyrirtækis og 7 aðilar af þeim töldu tvær ástæður liggja þar að baki þannig að valið var 27 sinnum úr þeim breytum sem í boði voru, sjá mynd 3.



Mynd 3. Ástæða tilflutnings starfa af landsbyggð á höfuðborgarsvæðið, fjöldi tilgreindra ástæðna.

Flestir töldu ástæðuna vera þá að hæfur einstaklingur sem sækir um búi ekki á staðnum. Ef tekið er tillit til starfajölda sem liggur á bak við svör þeirra 14 aðila sem gátu tilgreint starfajöldann sem hafði farið burt hjá þeim eru búferlaflutningarnir tíðastir eins og sést á mynd 4.



Mynd 4. Starfajöldi sem liggur bak við hverja ástæðu tilflutnings starfa síðastliðin fimm ár.

Þegar hakað var við „annað“ kom fram að starfið var óstaðbundið eða hægt að sinna því hvar sem var og sá sem fékk viðkomandi starf þegar það var auglýst bjó á höfuðborgarsvæðinu. Þá var um að ræða tilflutning vegna sameiningar stofnana og í einu tilvikinu taldi viðkomandi að aukin miðlæg þjónusta myndi ýta undir svona tilflutninga. Loks var talið að með tilflutningi innan þeirrar stofnunar hefði orðið meiri skilvirkni með því að hafa störf in í höfuðstöðvunum, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá þeim tveimur framhaldsskólum af 12 sem svöruðu könnuninni var dæmi um starfatilflutning frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, einkum vegna búferlaflutninga. Um var að ræða kennslu í öðru tilvikinu en fjármálatengd störf í hinu tilvikinu. Að jafnaði störfuðu 55 starfsmenn í þessum 12 skólum.

Af þeim ráðneytum sem svöruðu könnuninni hafði ekkert þeirra óstaðbundið starf staðsett á landsbyggðinni. Þessi ráðuneyti voru að meðaltali með 62 starfsmenn hjá sér, fámennasta ráðuneytið með 44 starfsmenn og það fjölmennasta með 95 starfsmenn.

5.4 Reynslusögur

Í lok könnunar og í framhaldi af henni var óskað eftir að fá að taka viðtöl við nokkra forsvarsmenn stofnana, fyrirtækja eða ráðuneyta til að ræða þessa þróun nánar í tilraun til að fá betri innsýn

í hana út frá þekkingu og reynslu viðmælenda af viðfangsefninu. Jákvætt er hversu margir (59% svarenda) voru tilbúnir til frekari umræðna um málefnið, sem virtist vekja áhuga hjá þeim. Horft var til þess að velja viðmælendur sem höfðu dæmi um tilflutning starfa frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sl. fimm ár frá sinni starfsstöð. Eins og fram kom í aðferðafræðikaflanum voru valdir þrír slíkir einstaklingar í viðtal, ásamt forsvarsmönnum tveggja annarra stofnana og fyrirtækja sem komu fram með athyglisverðar athugasemdir í könnuninni en höfðu þó ekki reynslu af tilflutningi starfa til höfuðborgarsvæðisins. Viðtalsrammi var hafður til hliðsjónar í viðtölunum.

Hjá þeim sem höfðu ekki beina reynslu af starfatilflutningi frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins kom fram mikilvægi þess að vera með skýran ramma um starfið og staðsetningu þess, þ.e. hvar starfið er unnið og með hvaða hætti. Í öðru tilvikinu var mikið um að starfsfólk ynni í teymum innan mismunandi starfsstöðva og staðbundin viðvera var talin grundvöllur að góðu samstarfi og skilvirkara vinnuframlagi. Þar var reynslan neikvæð þegar fólk vann heima í Covid-19. Í ljósi þeirrar neikvæðu reynslu var í framhaldinu lögð mun meiri áhersla á að fá fólk til viðveru á sínum vinnustað eða starfsstöð og taldi viðmælandi að hann væri „mjög strangur“ gagnvart því ef fólk bæði um að fá að vera staðsett á öðrum stað en vinnustaðurinn krefðist. Hjá hinum viðmælandanum kom líka fram áhersla á skýran ramma tengdan starfinu og þar var starfsfólkinu ætlað að koma á staðinn og læra að vinna fjarvinnu áður en leyfi fékkst til slíkrar vinnu. Fólk þurfti að átta sig á að það ætti að vera í vinnunni á lögboðnum vinnutíma þrátt fyrir að vera staðsett heima eða annars staðar utan starfsstöðvar. Þannig gat starfsmaður tileinkað sér ákveðin vinnubrögð sem var krafist af honum, hann kynntist starfseminni á staðnum og tileinkaði sér staðarandann. Viðkomandi bauð upp á svona fyrirkomulag fyrir starfsfólk innan nærsvæðis en starfsfólk gat gert ráð fyrir að þurfa að mæta hluta úr vikunni á starfsstaðnum sjálfum.

Þeir viðmælendur, þar sem starfatilflutningurinn hafði raungerst, töldu marga umsækjendur um störf, sem ætlast var til að yrðu staðsett á landsbyggðinni, hafa komið sér hjá því að flytja og að þeir hefðu mögulega aldrei ætlað sér það þó af ráðningu yrði. Hjá þeim kom líka fram mikilvægi þess að passa að mismuna ekki starfsfólki, út frá staðsetningu, m.a. með því að hafa alla aðstöðu og umgjörð á starfsstöðvunum þær sömu. Þannig gæti starfsfólkið ekki farið í samanburð á starfsstöðvum og upplifði sig frekar sem hluta af heildinni, óháð staðsetningu. Í þessum viðtölum var líka komið inn á hversu miklu máli skiptir að til séu störf fyrir maka og að samfélagið

þar sem störfín eiga að vera staðsett komi að því að skapa slíkt umhverfi svo að störfín á staðnum verði sem fjölbreyttust. Þá kom skýrt fram að starfsemin úti á landi kostaði, m.a. vegna þess að stjórnsýslan og ýmis önnur þjónusta sem landsbyggðin þyrfti að sækja væri svo umfangsmikil á höfuðborgarsvæðinu. Á það við um bæði þegar starfsfólkið fer milli starfsstöðva starfs síns vegna og þegar starfsfólk sækir starfstengda þjónustu til höfuðborgarsvæðisins. Slíkt kostaði bæði tíma og bein fjárútlát en ferðakostnaðurinn færi síhækkandi.

Einn viðmælandi sagði markvisst hafa verið unnið að því í talsvert langan tíma að „reyta úr starfseminni“ sem hefur verið víða um land og færa störfín smám saman til höfuðborgarsvæðisins. Það ætti við bæði með því að færa þangað verkefni og eins að ráða ekki í störf á landsbyggðinni þegar þeir sem þeim sinntu hættu störfum. Færu verkefnin ekki suður væri þeim bætt við þá sem eftir væru á landsbyggðarstarfsstöðvunum með tilheyrandi viðbótarálagi. Um væri að ræða meðvitaða ákvörðun yfirstjórnar stofnunar í yfirsíni sparnaðar sem viðmælandi taldi hafa komið niður á mjög fámennum starfsstöðvum úti á landi sem væru að fjara út vegna þess að þar væri komið að sársaukamörkum starfseminnar.

5.5 Sitt sýnist hverjum

Alveg í lok könnunarinnar var svigrúm fyrir þátttakendur til að koma á framfæri athugasemdum tengdum henni og komu 30% þátttakenda athugasemdum sínum á framfæri með þeim hætti. Athugasemdirnar vörðuðu í einhverjum tilvikum frekari útskýringar á svörum hjá viðkomandi, í einhverjum tilvikum könnunina sjálfa og í einhverjum tilvikum álit eða skoðun um óstaðbundin störf og mögulegan tilflutning þeirra.

Forsvarsmaður framhaldsskóla taldi að þau störf sem hægt væri að vinna í fjarvinnu frá skólanum væru fyrst og fremst tengd fjármálum eins og innheimtu og bókhaldi og mögulega fjarkennslu líka. Þá kom fram hjá öðrum skóla að engu starfi væri hægt að sinna að fullu utan starfsstöðvar en sumum væri þó hægt að sinna að hluta utan starfsstöðvarinnar. Hins vegar voru nefnd dæmi meðal framhaldsskólanna um að öll störf væru auglýst án staðsetningar þar sem margir kennarar sem byggju víða um landið væru tilbúnir að taka að sér fjarkennslu. Hjá einum skólanum kom fram að stór hluti starfsmanna ynni fjarvinnu að einhverju leyti, þá tengt fjarvinnusamningum þar sem margir væru með staðbundna vinnuskyldu í skólanum hluta úr vinnuvíkunni og að skólinn væri með fjarvinnustefnu.

Í athugasemdunum kom m.a. fram mikilvægi þess að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni sem veigamiklum hluta af byggðaaðgerðum, að tækifæri til að dreifa störfum um landið sé mikil styrking fyrir fámennari starfsstöðvar og að það skipti máli að starfsmenn, sérstaklega hjá ríkinu, búi og deili kjörum með fólki á landsbyggðinni. Einhverjir minntust á góða reynslu af því að hafa starfsstöðvar víða um landið og að slíkt sé nauðsynlegt starfseminni og ein stofnunin tiltók sérstaklega að hún hefði unnið að því að styrkja sínar starfsstöðvar úti á landsbyggðinni og taldi sig hafa margt fram að færa í þeirri umræðu.

Á móti kemur líka umræðan um þann kostnaðarauka sem getur hlotist af því að halda starfseminni úti víða: „Það gleymist stundum að það er ekki endilega hagur starfsstöðva að fólk sé að vinna í fjarvinnu en margir sækja enn í að vinna heima í fjarvinnu. Það að vera með starfsfólk dreift um landið kallar oft á aukinn kostnað fyrir stofnanir sem verður að gera ráð fyrir.“ Nefnd voru dæmi um tilraunir til að koma á fót óstaðbundnum störfum úti á landi en slíkt hafði fjarað út þegar á reyndi, einkum rekstrarlega: „Í stuttu máli hafa ítrekaðar tilraunir, sem staðið hafa í áratug og lengur, til að bjóða ráðuneytum og miðlægum ríkisstofnunum til samstarfs lítinn sem engan árangur borið. Tekist hefur að koma á samstarfi sem hefur leitt til fjölgunar starfsfólks í fjarvinnu en þegar á reyndi stóð vilji fjárveitingavaldsins ekki til þess að styðja tvær stofnanir (miðlæga og staðbundna) til góðra verka; því hefur aðhald í ríkisrekstri hægt og rólega fækkað starfsfólki stofnunarinnar.“

Þá var bent á nauðsyn þess að hér á landi yrði skilgreint hvað fjarvinna þýðir þar sem þá væri hægt að gera fjarvinnusamning sem setti ábyrgð á starfsmanninn um að koma á höfuðstöðvar þegar yfirmaður óskaði eftir því. Þannig væri það á ábyrgð starfsmannsins sjálfs en ekki vinnustaðarins sem slíks.

Í viðtölunum kom fram að samvinna staðarins eða sveitarfélagsins, þar sem starfsstöðin er staðsett, og stofnunarinnar eða fyrirtækisins gæti skipt sköpum til þess að skapa eftirsóknarvert umhverfi fyrir fólk til að koma á staðinn og setjast þar að. Komið var inn á kosti og galla fjarvinnu en mismunandi var hvaða skilningur var lagður í hugtakið fjarvinna því einhverjir voru með í huga fjarvinnu þegar starfsfólkið væri heima hjá sér að vinna en ekki á vinnustaðnum á meðan aðrir töluðu um fjarvinnu í þeim skilningi að það væri vinna unnin á útibúi, starfsstöð eða á vinnustaðaklasa en ekki í höfuðstöðvunum. Einhver taldi að ekki ætti að fara í að skilgreina höfuðstöðvar og útibú heldur ætti að tala um starfsstöðvar í öllum tilvikum.

Rætt var um kosti og galla þess fyrir starfsfólk að vinna á sjálfum vinnustaðnum á móti því að vera að vinna heima hjá sér en stór hluti vinnuafls viðmælandans hefði upplifað að vinna að einhverju leyti heima hjá sér í Covid-19. Slíkar aðstæður sköpuðu meiri einmanaleika og kæmu niður á teymisvinnu auk þess sem þær gætu valdið mismunun meðal starfsfólksins að því leytinu til að þeir sem ynnu á starfsstöð lentu meira í að leysa margvísleg mál sem upp kynnu að koma auk þess að taka að sér ýmis verk sem samfélagið á vinnustaðnum krefðist á meðan hinir hefðu þá meira svigrúm til að einbeita sér að því „að vinna vinnuna sína.“ Vinnustaðaklasar væru af hinu góða þegar stofnun eða fyrirtæki héldi úti óstaðbundnu starfi í litlu umfangi og gætu komið í veg fyrir einmanaleika eða að starfsmaðurinn upplifi sig einangraðan. Gestaborð á mismunandi starfsstöðvum innan sömu stofnunar eða fyrirtækis og sambærileg umgjörð vinnuumhverfis gæti lagt grunn að góðri starfsmannaliðsheild.

Starfsstöð á landsbyggðinni skiptir máli fyrir nærsamfélagið, m.a. vegna þess að vinnan sem verið er að vinna þar er unnin með tilheyrandi þekkingu á aðstæðum. Þannig eru staðbundnar ákvarðanir ekki teknar af fólki sem býr og vinnur fjarri staðnum og þekkir ekki til eins né neins þar. Þá munar um fyrir staðinn að fá fleiri íbúa með tilheyrandi þátttöku í samfélaginu og einhverjir viðmælenda töldu að með tilveru sinnar starfsstöðvar hefði slíkt aukið fjölbreytileika vinnuframboðs og ungt fólk, oftar en ekki af svæðinu eða með einhvers konar tengingu við svæðið, hefði sótt í að koma til baka. Einn viðmælandi benti á að störf fyrir maka og tómstundastarf fyrir alla fjölskylduna væri áskorun lítilla samfélaga, þar væri oft einhæfni í atvinnu og tómstundaframboði þar sem samfélagið væri of lítið þýði fyrir meiri umsvif. Annar viðmælandi hafði flutt af höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina, það hafði verið ákvörðun að flytja með fjölskylduna úr heimahögum og sínu nærumhverfi. Hann benti á að það mætti vera meiri hvati til þess að fá fólk til að taka slíkt skref. Það gæti verið í formi skattaívilnana, lækkunar námslána o.þ.h. auk þess sem sveitarfélög úti á landsbyggðinni gætu verið duglegri í að kynna sig og draga fram sína fjölbreyttu búsetukosti.

Komið var inn á að fleiri starfsstöðvar og starfsstöðvar úti á landi leiddu af sér aukinn kostnað, einkum rekstrarkostnað. Var í því sambandi bent á að starfsmaður á Akureyri t.d., sem sækti fund í Reykjavík, gæti fljótt kostað 100 þúsund krónur aukalega þann daginn! Einn viðmælandi sem starfaði í margsameinaðri stofnun með starfsstöðvar úti á landi og í höfuðborginni sagði það vera ákvörðun um slíkt, ákvörðun sem tekin væri ofan frá og fylgt eftir með tilheyrandi staðfestu og ráðningu starfsfólks á starfsstöðvarnar í þegar skilgreind störf þar. Slíkri ákvörðun

þarf að fylgja fjármagn sem í þessu tilviki var til staðar. Annar viðmælandi taldi sig vera í sífelldri vörn gagnvart því að halda í störf og verkefni þar sem tilhneigingin væri „...að sópa suður ríkisstofnunum...” í þessum geira. Hann sagði talsverðum fjármunum hafa verið veitt í endurbætur fyrir starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu með þeim afleiðingum að það séu „...marmarahallir fyrir sunnan og verkefni hafa tilhneigingu til að streyma þangað.”

6. Umræður

Tilflutningur óstaðbundinna starfa af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið er staðreynd þó erfitt sé að tilgreina fjölda starfa og nákvæmar ástæður tilflutningsins. Stutt könnun um málefnið bendir sterklega til að það sé nokkuð um starfatilfærslur til höfuðborgarsvæðisins frá ríkisstofnunum eða opinberum fyrirtækjum og að það tengist fyrst og fremst búsetu viðkomandi. Fólk með starf á landsbyggðinni flytji sig á höfuðborgarsvæðið og taki með starfið sitt eða að starf sem auglýst er óstaðbundið úti á landi verði ekki mannað af starfskrafti á viðkomandi stað heldur sé sá sem ráðinn er með búsetu á höfuðborgarsvæðinu og kjósi að vera þar áfram búsettur.

Umræðan um óstaðbundin störf virðist síðast hafa verið hvað mest kringum útgáfu og undirbúning Stefnumótandi byggðaáætlunar 2022-2036 sem samþykkt var í júnímánuði árið 2022. Aukin meðvitund um óstaðbundin störf meðal forsvarsfólks ríkisstofnana og fyrirtækja frá þeim tíma endurspeglast í svari vefkönnunar meðal 68 stofnana á höfuðborgarsvæðinu (framkvæmd í mars 2020) þar sem 27% þeirra töldu líklegt að ráðið yrði í starf án staðsetningar hjá stofnuninni eða fyrirtækinu á næstu 24 mánuðum. Ef einungis eitt slíkt starf hefði verið auglýst þannig frá hverri stofnun hefðu þau átt að vera rúmlega 18 talsins. Þrátt fyrir þann ásetning er ekki að sjá að slíku hafi verið framfylgt því störf auglýst án staðsetningar á Starfatorgi ná ekki 5% af þeim starfafjölda sem þar er auglýstur. Á vefnum er hægt að kalla fram fjölda starfa sem flokkast „óstaðbundin“ innan „staðsetning,“ þ.e. af þeim störfum sem eru með virka auglýsingu (umsóknarfrestur starfs ekki runninn út þegar það er skoðað). Reglubundin athugun frá nóvemberlokum 2025 til janúarloka 2026 taldi mest 7 óstaðbundin störf af þeim fjölda sem auglýstur var hverju sinni og voru það á bilinu 157-439 störf.

Þó svo að störf hafi verið auglýst óstaðbundin hefur það alls ekki alltaf skilað sér í ráðningu starfs á landsbyggðinni. Í einni athugasemdinni kom fram að það hafi „ekki gengið sérstaklega vel að ráða í ákveðin störf á landsbyggðinni“ ... „Þegar störf hafa verið auglýst án staðsetningar hefur það leitt frekar til þess að fólk á höfuðborgarsvæðinu hefur frekar verið ráðið eftir ráðningarferli frekar en fólk á landsbyggðinni.“ Þá kom fram athugasemd um að „...það eru fólgin í því tækifæri að dreifa störfum um landið. Á fámennari starfsstöðvum fælist í því mikil styrking ef hægt væri að færa störf á þær sem annars væri sinnt á höfuðborgarsvæðinu.“ Ein athugasemdin greindi

vandann: „Leki starfa til Reykjavíkur af landsbyggðinni er falinn í tvennu. Annarsvegjar störf á[n] staðsetningar þegar fólk á landsbyggðinni flytur til Rvk og tekur starfið sitt með sér þangað.“ „Svo í nafni *hagræðingar* þegar betur er talið að hafa störfin nær *aðalskrifstofu* eða eitthvað slíkt.“ Á móti kemur mikilvægi staðbundinnar þekkingar sem getur skipt máli samkvæmt tilvitnun í eina athugasemdina: „Stofnunin sinnir nærþjónustu í héraði og því þarf að meginstefnu að sinna verkefnum á staðnum, þótt einstökum verkefnum sé unnt að sinna rafrænt og því hvar sem er.“

Ljóst er að það þarf að vanda til verka varðandi óstaðbundin störf sé vilji til að halda þeim á landsbyggðinni. Á það bæði við um alla umgjörð í kringum þau og eins að viðhalda þeim og starfsmanninum sem sinnir starfinu. Það kom fram í viðtölunum að það sé jákvætt að allt starfsumhverfi og umgjörð séu sambærileg á öllum starfsstöðvum stofnunar eða fyrirtækis svo starfsfólk sé ekki að bera sig eða sitt saman. Þetta getur valdið óánægju og óþarfa samanburði. Þá þarf að liggja til grundvallar skýr rammi um staðsetningu starfsins, sem þarf að draga fram í starfsglýsingunni og setja einhvers konar viðmið ef einhver af óstaðbundnu störfum stofnunar eða fyrirtækis má vinna annars staðar, t.d. hvar, hámarksfjöldi/hlutfall starfanna, viðveru á starfsstöð samhliða o.þ.h. Umsækjendum þarf að vera fullljóst að starfið tilheyri starfsstöð úti á landsbyggðinni, starfsstöð sem ætlast er til að taki á móti og hýsi starfsmanninn. Fjarvinnustefna fyrirtækja og stofnana gæti stutt við ákvarðanir þessu tengdar.

Samstarf við sveitarfélag þar sem starfsstöð er staðsett, þar sem lögð er áhersla á kosti þess að búa þar, er af hinu góða og sveitarfélög gætu komið sterkar inn til að reyna að skapa sem fjölbreyttast atvinnulíf svo makar hafi einnig störf að velja úr. Ríkisvaldið gæti stutt við tilveru og langlífi óstaðbundinna starfa og ýmissa sérfræðistarfa með fjárhagslegum ívilnunum.

Þó svo að vilji og hugur sé til ráðninga í óstaðbundin störf á landsbyggðinni hefur kostnaður þeim tengdur áhrif og fjárveitingavaldið hefur mikið að segja um endanlega ákvarðanatöku. Það kom fram í athugasemdum í þessari stuttu könnun og virðist sem óstaðbundin störf hafi að einhverju leyti „fjarað út“ sums staðar þar sem þeim hafði verið komið á fót. Tímabundnar fjárveitingar veittu heimild til ráðninga en framhald vantaði þar á til að festa fyrirkomulagið í sessi. Þá hafa aðhaldskröfur og skipulagsbreytingar ríkisstofnana haft þau áhrif að starfatilflutningur hefur orðið til höfuðborgarsvæðisins, tengt miðlægri stefnu. Ein athugasemdin átti sína skírskotun í hagræðingarkröfu:

Eitt af forgangsverkefnum nýrrar ríkisstjórnar verður að hagræða, einfalda stjórnsýslu og sameina stofnanir. Um það er í sjálfu sér gott eitt að segja en hins vegar er hættan við það að þegar stofnanir eru sameinaðar og nýjar stofnannir settar á stofn um ákveðinn málaflokk að stjórnunarstörf færist frá einum stað að öðrum miðlægum. Það þýðir að bæði störf, verkefni og/eða ábyrgð geta færst til höfuðborgarsvæðisins vegna stærðar þess í samhengi fólksfjölda. Innbyggð áhætta.

Í einu viðtalinu kom skýrt fram að þó svo það kosti að halda úti starfsstöðvum fær stofnunin eða fyrirtækið það til baka þar sem það skapar gott orðspor að vera með starfsstöð(var) úti á landi og jákvæða ímynd þar. „Þessu forgangsroðum við í okkar starfsemi og stefnu. Þetta er ÁKVÖRDUN að gera þetta. Hefði verið auðveldara að draga saman eða hagræða með því að loka starfsstöðvum á landsbyggðinni, ekki í boði.“

Það þarf að vera meðvitund um að óstaðbundin störf hafi í för með sér kostnað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem bjóða upp á slík störf og að það þurfi að vera samþykki fyrir því alla leið í kerfinu, þ.e. að stjórnvöld taki þátt í þeim kostnaði og geri ráð fyrir honum í fjárveitingum. Þessi störf verður að standa vörð um í sparnaðaraðgerðum ríkisvaldsins þar sem það er auðvelt að benda á kostnað þeim tilheyrandi og tiltölulega einfalt að leggja þau niður þegar ákvarðanir eru teknar um slíkt á höfuðborgarsvæðinu, langt frá starfsstöðinni. Þá gætu stjórnvöld komið með ýmsar ívilnanir tengdar starfsfólki eða staðsetningu óstaðbundinna starfa svo þau höfði frekar til fólks sem gæti hugsað sér að flytja út á land en vantar að taka skrefið og láta hugsunina verða að veruleika.

7. Samantekt

Tilgangur verkefnisins var að kanna dæmi um flutning óstaðbundinna starfa frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og var horft til sl. fimm ára. Stutt könnun var send út til opinberra fyrirtækja og stofnana sem eru með starfsstöð á landsbyggðinni auk þess sem hún var send til allra starfandi ráðuneyta. Þá voru tekin viðtöl við fimm aðila af þeim 90 sem svöruðu könnuninni til að öðlast betri skilning á orsök og afleiðingu slíkrar tilfærslu starfa.

Verkefnið staðfesti að óstaðbundin störf hafa flust frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis og slíkur tilflutningur hefur orðið hjá 29% þeirra starfsstöðva sem sögðu að fjarvinna væri möguleg hjá þeim. Þetta varðar aðallega sérfræðistörf.

Orsök tilflutnings starfa varðar einkum búsetu með þeim hætti að fólk tekur starfið sitt með sér við búferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins eða að hæfur einstaklingur, búandi á staðnum, sækir ekki um starfið úti á landsbyggðinni og að annar hæfur einstaklingur sem sækir um starfið vill ekki flytja á staðinn. Líkurnar á að sá síðarnefndi búi á höfuðborgarsvæðinu er miklar og starfinu verður þá sinnt þaðan.

Skýr rammi þarf að vera til staðar um óstaðbundin störf hjá stofnun eða fyrirtæki. Þannig getur umsækjandi ekki gert ráð fyrir að verða ráðinn í starf sem ætlast er til að sé sinnt á ákveðnum stað nema hann sé tilbúinn til að sinna því þar. Með þeim hætti er t.a.m. hægt að viðhalda góðri teymisvinnu þar sem þess er krafist og viðkomandi tekur þátt í ósýnilegum samfélagslegum þáttum vinnustaðarins, er virkur starfsmaður á staðnum. Starfsstöðvar ættu að vera útbúnar með svipuðum hætti hvað varðar starfsumhverfi og umgjörð þannig að allt starfsfólk gangi að því vísu að ekki sé um mismunun að ræða. Þetta virðist hafa jákvæð áhrif á liðsheild vinnustaðarins.

Mikilvægt er að koma á fót fjarvinnustefnu meðal fyrirtækja eða stofnana með tilheyrandi fjarvinnusamningi við starfsmann fyrirtækisins eða stofnunarinnar. Með fjarvinnustefnu getur fyrirtækið eða stofnunin sett sitt mark á óstaðbundin störf og störf unnin í fjarvinnu hjá sér og haft eitthvað til að styðjast við þegar á reynir gagnvart umsækjendum auglýstra starfa, sem og þeim sem óska eftir að fá að taka með sér starf vegna búferlaflutninga. Í stefnunni getur verið sett upp ákveðið viðmið eða hlutfall starfa sem mætti hafa óstaðbundin eða fjarunnin að hluta

og það þarf að vera með eftirfylgni á ákvörðuninni. Þannig eiga allir hlutaðeigandi að vita hver stefnan sé og að henni sé fylgt eftir.

Fyrirtækjum og stofnunum þykir kostnaðarsamt að halda úti starfsstöð á landsbyggðinni, einkum ef sjálfar höfuðstöðvarnar eru á höfuðborgarsvæðinu. Í einhverra augum getur verið þægilegt að hafa alla á sama stað þar sem það þykir „minna vesen“ en þegar starfsstöðvar eru orðnar fleiri en einn staður. Ferðakostnaður er talsverður og hefur aukist með hækkandi flugfargjöldum en benda má á að húsnæðiskostnaður er gjarnan lægri á landsbyggðinni auk þess sem í boði er að sækja um styrki fyrir aðstöðu óstaðbundinna starfa á landsbyggð ef höfuðstöðvar eru á höfuðborgarsvæðinu. Allt snýst þetta um ákvörðun og að framfylgja henni.

Ekki má gleyma mikilvægi þess að vera á landsbyggðinni með starfsemi, bæði hvað varðar að til sé staðbundin þekking á staðháttum tengt ákvarðanatöku og vinnu auk þess sem það getur skapað góðan orðstír að halda úti starfsemi þar. Samfélagsleg áhrif slíkrar staðsetningar eru ótvíræð þegar starfsmaður ásamt fjölskyldu býr á staðnum með tilheyrandi þátttöku í hinu daglega lífi, það auðgar mannlífsflórana. Staðsetning óstaðbundinna starfa úti á landsbyggðinni er veigamikill þáttur byggðaaðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar.

Margir íbúar á höfuðborgarsvæðinu gætu hugsað sér að búa úti á landi en vantar að taka skrefið þangað. Sveitarfélög á landsbyggðinni gætu eflt samstarf sitt við ríkisstofnanir og fyrirtæki með það í huga að leita leiða til að laða til sín fleiri óstaðbundin störf og auka jafnframt fjölbreytni starfa sem í boði eru á staðnum. Þá mætti undirstrika enn frekar búsetukosti hvers svæðis og samhliða þarf stjórnendum opinberra stofnana eða fyrirtækja að vera ljóst að það þarf fjárveitingu til slíkra verka.

Stjórnvöld stýra rammanum og geta sannarlega haft áhrif á tilflutning fólks út á landsbyggðina. Ýmsar ívilnanir tengdar skattaafslætti (fyrirtækja og einstaklinga), niðurfellingu námslána að hluta eða alveg gætu gert gæfumuninn fyrir ungt fólk og fjárhagslega framtíð þess. Það þarf þekkingu, vilja og þor til að leiða slíkar ákvarðanir sem staðsetning óstaðbundinna starfa á landsbyggðinni kallar á.

Heimildir

Byggðastofnun. (e.d.-a). *Húsnæði fyrir óstaðbundin störf*. Byggðastofnun.

<https://thjonustukort.is/>

Byggðastofnun. (e.d.-b). *Styrkir til að fjölga óstaðbundnum opinberum störfum á*

landsbyggðinni - Umsóknargátt. Byggðastofnun. Sótt 3. febrúar 2026, af

[https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/styrkir-til-ad-fjolga-ostadbundnum-](https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/styrkir-til-ad-fjolga-ostadbundnum-opinberum-storfum-a-landsbyggdinni-umsoknargatt)

[opinberum-storfum-a-landsbyggdinni-umsoknargatt](https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/styrkir-til-ad-fjolga-ostadbundnum-opinberum-storfum-a-landsbyggdinni-umsoknargatt)

Byggðastofnun. (e.d.-c). *Stöðugildi á vegum ríkisins*. Byggðastofnun, mælaborð. Sótt 10.

september 2025, af <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelaborb/rikisstorf>

Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2021). *Störf án staðsetningar - Staða og framtíðarhorfur*.

Stjórnarráð Íslands.

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Hagstofan: Sveitarfélög og byggðakjarnar*. Hagstofa Íslands. Sótt 28.

janúar 2026, af [https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-](https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar)

[byggdakjarnar](https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar)

Haraldur Reinhardsson. (2024). *Stöðugreining landshluta 2024*. Byggðastofnun.

Innviðaráðuneytið. (2025, 11. desember). *Opnað fyrir umsóknir um styrki til að styðja við*

uppbyggingu vinnustaðaklasa á landsbyggðinni. Stjórnarráð Íslands.

[https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/12/11/Opnad-fyrir-](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/12/11/Opnad-fyrir-umsoknir-um-styrki-til-ad-stydja-vid-uppbyggingu-vinnustadaklasa-a-landsbyggdinni/)

[umsoknir-um-styrki-til-ad-stydja-vid-uppbyggingu-vinnustadaklasa-a-landsbyggdinni/](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/12/11/Opnad-fyrir-umsoknir-um-styrki-til-ad-stydja-vid-uppbyggingu-vinnustadaklasa-a-landsbyggdinni/)

Sæunn Gísladóttir. (2024). *Óstaðbundin störf, staða og framtíðarhorfur 2023*.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

https://www.rha.is/static/extras/images/ostadbundin-storf-skyrsla_lokautgafa157.pdf

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun 2014-2017 nr. 1083/143. (2014).

<https://www.althingi.is/altext/143/s/1083.html>

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun 2018-2024 nr. 1242/148. (2018).

<https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036, nr. 1383/152. Pub. L. No.

1383/152 (2022). <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>

Þorkell Stefánsson. (2022, 5. maí). *Mun fólk flytja störf?* Ársfundur Byggðastofnunar, Varmalandi

Borgarfirði.

Þorkell Stefánsson. (2025). *Hvar eru ríkisstörfin? Fjöldi ríkisstarfa 21.12.2024*. Byggðastofnun.

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2024/rikisstorf_31-12-2024.pdf

Viðauki 1, spurningalisti

Tilgangur rannsóknarinnar er að finna dæmi um algengi, ástæður fyrir og afleiðingar þess ef störf hafa flust frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, þ.e. störf sem talið er að hægt sé að sinna óstaðbundið.

Þessi spurningalisti er sendur á forsvarsfólk opinberra stofnana eða fyrirtækja með höfuðstöðvar á landsbyggðinni og/eða útibú þar auk ráðuneytanna. Takk fyrir þátttöku!

Fyrirtæki/stofnun

Staðsetning

Póstnúmer

Um er að ræða Höfuðstöðvar / Útibú

Heildarfjöldi stöðugilda stofnunar/fyrirtækis

Hversu margir starfsmenn, um það bil, falla undir þína starfsstöð?

Eru einhver störf innan þinnar starfsstöðvar sem unnt væri að sinna utan starfsstöðvarinnar?

Já / Nei

Eru dæmi um að störf innan þíns fyrirtækis/stofnunar/starfsstöðvar hafi flust til höfuðborgarsvæðisins síðastliðin fimm ár, þannig að þeim hafi verið sinnt þar að mestu leyti í framhaldinu?

Já / Nei

Geturðu áætlað hver mörg stöðugildi hafi flust á höfuðborgarsvæðið frá þinni starfsstöð sl. fimm ár?

Já / Nei

Er það einhver tiltekin tegund starfa?

Hverjar voru helstu ástæður fyrir þessum tilflutningi starfa (veljið fleira ef við á)?
Búferlaflutningar / Ekki tókst að ráða hæfan einstakling sem býr á svæðinu / Enginn hæfur umsækjandi um starfið búsettur annars staðar vildi flytja á staðinn / Ákvörðun yfirstjórnar / Annað, hvað

Í framhaldi af þessari könnun myndum við gjarnan vilja taka viðtöl við nokkra forsvarsmenn stofnana eða fyrirtækja til að ræða þessa þróun nánar og fá betri innsýn í hana. Kæmi til greina fyrir þig að taka þátt í slíku viðtali? Nei / Já, netfang

Er eitthvað annað sem þig langar að koma á framfæri í tengslum við efni þessarar könnunar og fjarvinnu almennt?

Viðauki 2, spurningarammi viðtala

Úrtak	-reynsla af tilflutningi starfa af landsbyggð á höfuðborgarsvæðið (fjöldi stöðugilda/ekki) og/eða erfitt að fá fólk til að starfa og vera á landsbyggðinni, þróun og þar með betri innsýn vegna þessa inn í starfsstöðina (tilflutningur starfa sl. 5 ár á starfsstöðinni) -athugasemdir sem komu fram -frekara rýni, ítarlegri nálgun á viðfangsefninu (af hverju, hver á frumkvæðið) -fylgja eftir niðurstöðum könnunar (viðhorf til þessa)
Inntak	-þróun á tilflutningi starfa (betri innsýn) -áhrif og afleiðingar gjörningsins (horfur framundan, mórall á vinnustaðnum) -líkleg ástæða og afleiðing þróunarinnar -fyrir starfsstöðina (betri nýting annars vinnuafls, meiri samskipti og önnur (hver þá og hvernig), kostnaðarlega,) -fyrir samfélagsþróunina á staðnum (færri búandi og minni umsvif, félagsleg áhrif, ...)
Vandi	-forstöðumenn geta glímt við í tengslum við mannaráðningar og möguleg viðbrögð þar (vilji til breytinga/þörf á „umorðun“ auglýsinga til að FÁ fólk á staðinn, alveg sama?)